



## Sjálfsmatsskýrsla Tjarnarskóla

2009 - 2010

Reykjavík

Sumarið 2010



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Sjálfsmatsskýrsla Tjarnarskóla 2009 – 2010 .....	4
Skólastarfið .....	5
Ytri tengsl – samfélagið .....	6
Viðfangsefni skólaársins 2009-2010 sem sjálfsmatið beindist sérstaklega að .....	8
1. Hvernig viljum við breyta Skólanámskrá Tjarnarskóla? .....	9
2. Hvernig þróast áttak í lestri enskra bóka annars vegar, en íslenskra bóka hins vegar? .....	9
3. Hvaða áhrif hefur útskurður/tálgun á náttúrufræðinám? .....	9
4. Hvernig getum við bætt skráningu á þemadögum í skólanum? .....	10
5. Hvaða áhrif hefur hláturjoga í skólastarfinu í Tjarnarskóla? .....	10
6. Hvernig getum við fylgst kerfisbundið með samskiptum/líðan nemenda í skólanum? .....	10
7. Hvernig getum við aukið lýðræðisvitund nemenda í 7. og 8. bekkjar hópnum? .....	11
Endurskoðun á skólanámskrá Tjarnarskóla .....	11
Áframhaldandi lestrarátak meðal nemenda á lestri_enskra og íslenskra bóka .....	11
The Reading Competition at Tjarnarskóli Jan 2007 - May 2010 .....	11
Lestur íslenskra bóka .....	14
Hvaða áhrif hefur útskurður/tálgun á náttúrufræðinám? .....	17
Tálgun í 9. bekk 2009-2010 .....	17
Framhald verkefnis frá því skólaárið 2008 – 2009; stærðfræðiþrautir .....	19
Hvernig getum við bætt skráningu á þemadögum í skólanum? .....	22
Hvaða áhrif hefur hláturjoga í skólastarfinu í Tjarnarskóla? .....	28
Hvernig getum við fylgst kerfisbundið með samskiptum/líðan nemenda í skólanum? .....	33
Hvernig getum við aukið lýðræðisvitund nemenda í 7. og 8. bekkjar hópnum ? .....	36

Aðrar tiltækar viðhorfakannanir .....	39
Samantekt /umræða .....	41
Lokasamantekt.....	44
Framtíðarsýn .....	45



## Sjálfsmatsskýrsla Tjarnarskóla 2009-2010

Tjarnarskóli var stofnaður 1985 og er til húsa í hjarta Reykjavíkur, að Lækjargötu 14b, 101 Reykjavík. Í skólanum eru nemendur í 7., 8., / 9. /og 10. bekk í þremur bekkjardeildum. Skólinn er rekinn sem einkahlutafélag.

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á hvetjandi námsumhverfi og mannrækt. Við viljum hvetja og styrkja nemendur okkar á uppbyggilegan hátt og stuðla að vellíðan þeirra í leik og starfi. Við byggjum á styrkleika hvers og eins og viljum mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni. Nemendur okkar læra öguð vinnubrögð, samvinnu og samábyrgð og áhersla er lögð á góða hegðun, kurteisi og háttvísi. Áhersla er lögð á að nemendur leggi góðan grunn að því að verða færir um að taka góðar ákvarðanir. Gott samstarf, á milli allra þeirra sem koma að menntun og uppeldi nemenda okkar, er okkur mikilvægt. Mikil áhersla er lögð á gott upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um sem flesta þá þætti er lúta að velferð nemenda og þátttöku í skólstarfinu.

Einkunnarorð okkar eru: „Allir eru einstakir“ og „Lítill skóli með stórt hjarta“.



Allir eru einstakir

## Skólastarfið

### Markmið – áherslur - leiðarljós

#### Líðan nemenda og starfsfólks

- Nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum
- Jákvætt og hvetjandi andrúmsloft sem er um leið uppbyggilegt og hrósandi
- Mannrækt í sem víðasta skilningi.

#### Góð grunnenntun – einstaklingsmiðað nám

- Góð grunnenntun og undirbúningur fyrir lífið og tilveruna.
- Sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur temji sér góðar námsvenjur.
- Nemendur fái viðfangsefni sem þjálfar allar tegundir greindar (fjölgreind) og úrvinnslu.
- Hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur.
- Vera fundvís á styrkleika einstaklinga
- Styrkja einstaklinginn sem manneskju á faglegan hátt.
- Skipulagning skólastarfsins taki ávallt mið af því að einstaklingurinn sé í fyrirrúmi.

#### Mannrækt

- Samvinna/samhjálp nemenda – samvinna árganga.
- Samábyrgð nemenda og verkaskipting
- Góð hegðun, samfélagsfærni, háttvísi og kurteisi, hvar sem nemendur koma fram á vegum skólans.
- Þjálfun í jákvæðum samskiptum.
- Heilbrigðir lífshættir

#### Námsumhverfi

- Rólegt/áreitalítið námsumhverfi.
- Góður ytri aðbúnaður og öryggi

#### Samstarf

- Gott samstarf; milli skóla og heimils
- kennara og nemenda
- innan kennarahópsins
- nemenda og foreldra

## Ytri tengsl – samfélagið

### a) Raunveruleikurinn í 10. bekk – góður árangur

Undanfarin fimm ár hafa elstu nemendur skólans tekið þátt í hinum svo nefnda Raunveruleik sem er lífsleiknikeppni sem fram fer á veraldarvefnum. Þessi leikur er í senn bæði keppni einstaklinga og bekkjarheildar og snýst um ýmislegt sem lýtur að því að búa ungmenni undir að takast á við ábyrgð fullorðinsáranna, er nokkurs konar eftirlíking af raunveruleikanum. Um er að ræða m.a. fjármálafræðslu, upplýsingar um gildi trygginga, um námslán, íbúðakaup, fæðingarorlof og fleira. Á annað þúsund nemenda um allt land hafa tekið þátt í þessum leik undanfarin ár. Nemendur í Tjarnarskóla hafa orðið í 1. sæti í þrjú ár af fimm og 2. sæti tvisvar á þessum fimm árum.

### b) Samvinna við Fjölbrautaskólann í Ármúla

Skólaveturinn 2009-2010 var þriðja árið sem við í Tjarnarskóla vorum í samvinnu við fjarnámsdeildina í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Í vetur luku 15 nemendur skólans (þrettán í 10. bekk og tveir í 9. bekk) samtals 39 námsáföngum í 7 námsgreinum; ensku, dönsku, þýsku, sögu, náttúrufræði, líffræði og lífsleikni. Þetta er aukning frá því skólaveturinn 2008 – 2009 en þá luku þrettán nemendur 31 námsáfanga í 9 námsgreinum.

### c) Grenndarskógasamkomulag undirritað á skólaárinu 2009-2010

Það er ánægjulegt að geta þess að Tjarnarskóli, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar og Menntasvið Reykjavíkurborgar / LÍS-verkefnið, gerðu með sér samkomulag um notkun á grenndarskógi/görðum í miðborginni og aðgang að fræðslu og ráðgjöf varðandi skógartengt útinám í skólastarfi. Þetta samkomulag var undirritað í Mæðragarðinum í febrúar 2010. Í tengslum við þennan áfanga fóru allir nemendur og kennarar á námskeið í Öskjuhlíðinni undir stjórn Ólafs Oddssonar, forstöðumanns LÍS-verkefnisins (Lesið í skóginn). Við nefndum þetta námskeið „Ævintýri í Öskjuhlíðinni“.



**d) Heimsóknir 10. bekkinga í framhaldsskóla; fræðsla um menningu og störf.**

Í 10. bekk eru tvær kennslustundir á viku sem við nefnum MEST; menntun og störf. Í þessum tímum fræðast nemendur um námsfyrirkomulag framhaldsskólanna, námskröfur, menningu hvers skóla og fleira. Nemendur kynna sér einnig menntunarleiðir fyrir hin ýmsu störf sem þeir geta stefnt að í framtíðinni. Kennari fer með nemendur í heimsóknir í flesta framhaldsskólana á hverjum vetri. Skólaárið 2009-2010 heimsóttu nemendur 11 framhaldsskóla.

**e) Við förum gjarnan með nemendur út úr húsi í hinar ýmsu heimsóknir.**

Kennarar skólans eru duglegir að fara með nemendur á söfn, heimsækja stofnanir og skoða umhverfið. Skólaárið 2009 – 2010 var fjölbreytnin í fyrirrúmi sem löngum fyrr. Hér má nefna reglulegar heimsóknir á Borgarbókasafn Reykjavíkur, heimsókn í Borgarleikhúsið, Erró-sýningu á Listasafni Reykjavíkur, heimsóknir í Norræna húsið, sögusýningu í Aðalstrætinu, sýningar í Ráðhúsi Reykjavíkur og Þjóðmenningarhúsi o.fl. Í þessum ferðum gerum við miklar kröfur til nemenda um að sýna fallega framkomu og segjum gjarnan að það sé mikilvægt fyrir þá að skilja eftir sig góðar minningar fyrir þá sem taka á móti þeim.

**f) Gestir fá talsvert svigrúm í skólstarfinu. „Skerpa“ á stundaskránni.**

Okkur finnst afar mikilvægt að fá fjölbreytilega gesti til okkar í skólann. Þannig hefur það verið allt frá stofnun skólans. Á stundaskrá nemenda eru svo nefndir „Skerputímar“. Í þessum tímum fáum við gjarnan gesti sem segja nemendum frá störfum/áhugamáli sínu, fræða, skemmta o.s.frv. Það er skemmtilegt að geta þess að í vetur var briddað upp á svo nefndum „pabbadögum“. Hugmyndin kom frá foreldrum í skólanum og á vordögum komu þrír pabbar í yngsta bekkinn okkar. Nemendur fræddust um markþjálfun, leið sjávarfangs úr sjó til neytenda og um byggingar og eðlisfræðilega eiginleika þeirra, s.s. hvernig hús hreyfast í jarðskjálftum ... og fleira skemmtilegt.

## Viðfangsefni skólaársins 2009-2010 sem sjálfsmatið beindist sérstaklega að

Skólaárið 2008 – 2009 var frumraun okkar í skipulagðri sjálfsmatsvinnu en var um leið afar lærdómsríkt ferli. Skólaárið 2009 – 2010 hafði einnig sína sérstöðu þar sem tveir af fimm aðalkennurum fóru í barnsburðarleyfi og sá þriðji minnkaði verulega starfshlutfall sitt. Þrír nýir einstaklingar voru ráðnir að skólanum í þeirra stað. Það hafði auðvitað áhrif á framgang sjálfsmatsins, a.m.k. framan af meðan nýju kennararnir voru að kynnst starfsháttum í Tjarnarskóla. Sjálfsmatsvinnan fór því ekki af stað fyrir en skólastarfið var komið aðeins áleiðis.

Ákveðið var að beina sjónum sérstaklega að átta þáttum skólastarfsins (í fyrra voru þeir þrír) og fá svör við eftirfarandi matsspurningum:

1. Hvernig viljum við breyta Skólanámskrá Tjarnarskóla?
2. Hvernig þróast áttak í frjálsllestri enskra bóka annars vegar, en íslenskra bóka hins vegar?
3. Hvaða áhrif hefur útskurður/tálgun á náttúrufræðinám?
4. Hvernig þróast verkefnið „stærðfræðiþrautir í 9. bekk ? (hófst á síðasta ári).
5. Hvernig getum við bætt skráningu á þemadögum í skólanum í þeim tilgangi að mæla betur virkni og samvinnuhæfni í hópverkefnum?
6. Hvaða áhrif hefur hláturjoga í skólastarfinu í Tjarnarskóla?
7. Hvernig getum við fylgst kerfisbundið með samskiptum/líðan nemenda í skólanum?
8. Hvernig getum við aukið lýðræðisvitund nemenda í 7. og 8. bekkjar hópnum? (Kvos)

### 1. Hvernig viljum við breyta Skólanámskrá Tjarnarskóla?

Við settum okkur það markmið að ljúka þessari vinnu á nýloknu skólaári og því næsta (2010 – 2011). Skemmst er frá því að segja að afar lítið svigrúm gafst í þessa vinnu í vetur. Það má aðallega rekja til þeirra aðstæðna að hátt hlutfall kennarahópsins (þrír nýir aðalkennarar af fimm) var að kynnast starfsháttum skólans. Þetta ár var einnig afmælisár skólans, hið tuttugasta og fimmta í röðinni. Sú staðreynd kallaði á talsverðan undirbúning og vinnu sem að öllu jöfnu er ekki á dagskrá. Við ætlum okkur því að setja mikinn kraft í þessa vinnu strax á komandi skólavetri.

### 2. Hvernig þróast áttak í lestri enskra bóka annars vegar, en íslenskra bóka hins vegar?

Frjálslestur í ensku hefur verið iðkaður kerfisbundið í skólanum síðast liðin þrjú og hálf t.ár. Í fyrra þróuðum við þetta áttak í þá átt að nýta þá reynslu sem þegar var til staðar til þess að gera sambærilegt áttak í íslensku. Gerður V. Colot, fyrrverandi enskukennari hefur safnað markvisst upplýsingum um þennan þátt í skólastarfinu og unnið úr þeim gögnum sem voru höfð til hliðsjónar og fyrirmyndar í áframhaldandi þróunarvinnu. Hún var ekki fastráðin hér í vetur en lagði okkur lið við að halda bókum að nemendum og skrá lestur enskra bóka. Helga Júlía Vilhjálmssdóttir, nýr íslenskukennari við skólann, tók upp þráðinn frá því í fyrra og skráði lestur íslenskra bóka.

Sú hefð hefur skapast að veita viðurkenningu fyrir frjálslestur við skólaslit. Þessi viðurkenning hefur hlotið heitið „Magnúsinn“ í höfuðið á þeim nemanda sem hefur lestið flestar blaðsíður í skólanum frá því þetta áttak hófst. Hann mætir því við skólaslit ár hvert og afhendir verðlaunin þar til hans met verður slegið.

### 3. Hvaða áhrif hefur útskurður/tálgun á náttúrufræðinám?

Í upphafi skólaárs var stefnt að því að gera grenndarskógarsamkomulag í samvinnu við Reykjavíkurborg og verkefnið „Lesið í skóginn“. Náttúrufræðikennarinn, Viktoría Gilsdóttir, setti það á verkefnalista vetrarins að nemendur fengju tækifæri til þess að læra undirstöðuatriði í tálgun. Grenndarskógarsamningurinn var undirritaður í febrúar og í kjölfarið kom hann Ólafur Oddsson, sem við höfum nefnt grenndarskógarpabbann okkar, og kenndi okkur kennurum undirstöðuatriði í tálgun. Keyptir voru hnífar og undir vorið voru fyrstu skrefin tekin í að kenna nemendum tálgun.

#### 4. Hvernig getum við bætt skráningu á þemadögum í skólanum í þeim tilgangi að mæla vetur virkni og samvinnuhæfni í hópverkefnum?

Við erum ákaflega stolt af fyrirkomulagi þemadaganna í skólanum. Að öllu jöfnu eru þeir í nóvember og janúar – þrjá kennsludaga í senn. Við sjáum ótrúlega margt skemmtilegt leysast úr læðingi á þessum dögum því þá eru nemendur í sannkölluðum þjálfunarbúðum í samskiptum, samvinnu, og listrænni sköpunarvinnu. Það er alltaf keppikeflið að allir séu virkir og séu meðvitaðir um að þeirra framlag skipti máli; bæði fyrir þá sem einstaklinga, en einnig fyrir hópastarfið í heild. Hin seinni ár höfum við látið nemendur sjálfa meta sína eigin vinnu, en einnig vinnu annarra hópa í þeim tilgangi að gera þá betur meðvitaða um hve miklu máli það skiptir að vera góður þátttakandi í hóp. Við ákváðum því að stíga fleiri skref í skráningarvinnu í þessum sama tilgangi; að gera alla sem virkasta og meðvitaða um eigið framlag í hópnum.

#### 5. Hvaða áhrif hefur hláturjoga í skólastarfinu í Tjarnarskóla?

Einn kennari skólans; Sigríður Thorsteinsson, vildi gjarnan kynna áhrif hláturjoga í skólastarfi vetrarins. Hún hafði þá tröllatru að með þessum hætti væri hægt að hafa áhrif á bekkjarandann og auka sjálfstraust nemenda. Þessi þáttur fékk talsvert svigrúm í öllum bekkjum og var á dagskrá í allan vetur.

#### 6. Hvernig getum við fylgst kerfisbundið með samskiptum/líðan nemenda í skólanum?

Okkur er afar umhugað um að öllum í skólanum líði vel. Til þess að svo megi verða þarf ávallt að vera á varðbergi og í mjög mörgum þáttum skólastarfsins kemur vitund um þetta mjög skýrt í ljós. Umsjónarkennarar eru í vikulegu sambandi við foreldra og leggja sig fram um að vera vakandi fyrir líðan nemandans á hverjum tíma.

Í viðhorfskönnun foreldra sem unnin var að hálfu Reykjavíkurborgar í september 2008 svöruðu fjórir foreldrar að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti í skólanum. Í okkar augum er „einn“ of margir og viljum halda ótrauð áfram í því að svör af þessu tagi verði 0%. Í vetur kom út ný skýrsla (viðhorfskönnun foreldra) og þar kemur fram að 3 nemendur hafi orðið fyrir einelti síðast liðna 12 mánuði og eldra einelti einnig tilgreint. Þar sem nemendur koma til okkar ýmist í 7., 8., 9. eða jafnvel 10. bekk er gagnlegt fyrir okkur að gera sjálf formlega könnun á þessu. Það var jákvætt að þessir þrír töldu að brugðist hafi verið við „fjött og vel“. Við ákváðum því að gera könnun til þess að meta betur stöðuna hér í skólanum.

## 7. Hvernig getum við aukið lýðræðisvitund nemenda í 7. og 8. bekkjar hópnum?

Nýr kennari, Þórir Andri Karlsson, hefur einnig verið umsjónarkennar í yngsta hópnum okkar í í vetur. Hann lagði upp með þá hugmynd að efla lýðræðislega hugsun í umsjónarbekknum sínum og gerði ýmsar tilraunir á þessu sviði.

### Endurskoðun á skólanámskrá Tjarnarskóla

Eins og kom fram í inngangi þá gerðum við ráð fyrir að það tæki tvö skólaár að endurskoða skólanámskrána okkar. Við komumst lítt áleiðis í vetur en á næsta skólaári er fyrirhugað að setja fullan kraft í þetta verkefni.

*Margrét Theodórsdóttir*

### Áframhaldandi lestrarátak meðal nemenda á lestri enskra og íslenskra bóka

#### The Reading Competition at Tjarnarskóli Jan 2007 - May 2010



#### Lýsing

Since January 2007 a reading competition in English has been held steadily throughout the school years. It was set up as a voluntary activity that was encouraged also during regular English classes. A steady stream of all kinds of books were brought into the classrooms.

**Types of reading matter:**

ESL readers  
 children's picture books  
 teen series  
 chapter books  
 comics/graphic novels  
 manga  
 YA non-fiction (especially during the 2008-2009 school year)

Students were encouraged to read any and all English materials in book form. They were then to record their reading on review cards that were then hung in each room, available to other possible readers. This "review" gave not only information on title, author, reader, and number of pages, it also was a short paragraph on the story and reader-comments, along with a rating system of 1-5 stars. A separate computer file was kept by myself of each student's reading.

title: <i>The Abstinence Teacher</i>	title: <i>Twilight</i>
author: <i>Tom Perrotta</i>	author: <i>Stephenie Meyer</i>
no. of pages: <i>358</i>	no. of pages: <i>498</i>
Reader name: <i>María Einarsson</i>	Reader name: <i>Anna Elvarsdóttir</i>
Reader comment: <i>A really good book; the thing that I love about it is that it's very cynical and funny. You see the story from different points of view and get to know the narrator like a best friend.</i>	Reader comment: <i>Twilight is the best story I've read. It's about a girl who falls in love with a vampire, and risks her life, and the ones she loves, just to be with him.</i>
★★★★☆	★★★★★

Other methods of recording were developed as time went on, according to personal needs.

**Methods of recording-(list box):**

A6 cards  
 logbook  
 A4 sheet included in final workbooks  
 individual computer file  
 reading journal/notebook

Periodically a "reading marathon" (during which short books of various kinds were offered and then chosen by individuals to read then and there) was held during class to encourage non-readers to take part. This also was a way to introduce other reading materials as I would hold a little "sales pitch" for each book.

At the end of the second semester, halfway through the school year, results were posted listed by classrooms. Those truly competing could then see whom they needed to catch up to! Final yearly results were announced at the last day of school during skólaslit, at which time awards were given for the most books read, and the most pages read.

### **Markmið**

The basic purpose was to read more books in English. It did start as a class effort, but quickly became completely individually oriented. Soon reading became more of a choice for some than being on the computer during breaks. And those who read steadily and a lot, improved in their general English usage skills, especially in their own writing. Reading for enjoyment became more and more a part of the daily school life. And during the last half year (Vor 2009), this *átak* was extended to books in Icelandic, for which the Icelandic teacher created a separate recording system. Trips to the library were very much looked forward to and often had the air of a shopping spree.

### **Mat**

As can be seen above, this project did work and is still working. The only thing I felt needed to be changed was to not have it at all connected to the actual grading in the English classroom. I, as the teacher, was in a quandry at times, as all reading was recorded for this project (spending time reading was an important part of a student's grade in my classroom). But it's better to have it done by a separate person. Plus there are students who do read and do not want to take part as a competitor. Our intention is to have it separate from now on.

Even though I was no longer the English teacher at Tjarnarskóli this past school year (2009-2010), I still wanted to keep in touch with all my readers in order to both continue the "átak" as well as keep up the supply of reading materials. But, obviously, 2-4 times a month was not sufficient for keeping up with the recording of each individual's reading, nor with helping new students to get into the habit of both reading and recording (though all the dedicated readers from the precious year had no problem continuing on their own). Thus, figures obtained from this past winter are not as accurate as one would hope for.

However, now that I am more of an "outside" observer (rather than a teacher there on a daily basis), I did notice that READING and library trips had truly become a large part of the daily/weekly activities at Tjarnarskóli. To my new view, there seemed to be more readers than ever, choosing to spend their free time at school reading (and some even in three languages!). And for some it is as simple as, "I don't have time at home to read."

The more students there are reading, the more those not "into it" see it as a possible activity—even a quiet, restful activity. All it takes is to show them what's out there, and then **be** a reader with them. Needless to say, I will continue to help out with the English reading at Tjarnarskóli in the school to come.

*Gerður V. Colot*



### Helstu tölulegar upplýsingar um lestur enskra bóka skólaárið 2009 -2010

Skólaárið	Nemenda-fjöldi	Fjöldi titla	Blaðsíðufjöldi	Virkir lesendur
2007 - 2008	44	366	64.260	60%
2008 – 2009	44	625	94.814	84%
<b>2009 - 2010</b>	<b>45</b>	<b>423</b>	<b>93.458</b>	<b>63%</b>

### Lestur íslenskra bóka

#### Lýsing

Í vetur ákváðum við að taka upp þráðinn frá fyrra skólaári og halda áfram með áttak í lestri íslenskra bóka. Nemendur í öllum hópum (7. - 10. bekk) tóku þátt og skráðu markvisst allar bækur sem þeir lásu í vetur. Kennari safnaði síðan saman upplýsingunum um bókartitla, blaðsíðufjölda og álit nemandans á bókinni með sambærilegum hætti og í enskuátakinu. Hóparnir fóru einu sinni í viku á Borgarbókasafnið með kennara þar sem þeir voru hvattir til að velja sér fjölbreytt og skemmtilegt lestrarefni. Nemendur fengu síðan einn fastan frjállestrartíma á viku sem nýttist oftast mjög vel.

Fyrirhugað er að taka upp þráðinn næsta haust og efla enn frekar lestur íslenskra bóka og hvetja nemendur jafnframt til að halda betur utan um skráningu á lestrinum. Að þessu sinni setjum við fram heildarniðurstöður og berum saman við niðurstöður fyrri árs.

### Markmið

Aðalmarkmið verkefnisins var að hvetja nemendur til að lesa bækur á íslensku. Nemendum var kennt að leita að bókum á [www.gegni.is](http://www.gegni.is) og finna sjálfir bækurnar á bókasafninu. Þannig efldist sjálfstæði þeirra og þeir gátu fundið efni tengt sínu áhugasviði.

### Mat

Verkefnið fór vel af stað og voru nemendur mjög áhugasamir að fara á bókasafnið og finna sér góða bók til að lesa. Frjálslestrartímarnir nýttust vel og nemendur voru duglegir að skrá niður upplýsingar um lesturinn. Þegar leið á veturinn var aðeins erfiðara að fá nemendur til að skrá niður hjá sér upplýsingar um lesturinn og oft gleymdu þeir að skila skráningarblöðunum til kennara. Nemendur sem almennt lásu lítið efldust og urðu áhugasamari um lestur íslenskra bóka.

### Niðurstöður

Nemendur í Smiðjunni ( 10. bekkur) lásu flestar bækur eða samtals 70 bækur. Nemendur í Læk lásu aðeins 8 bækur og Kvosin las um 28 bækur.

#### Samantekt eftir bekkjum um lestur íslenskra bóka 2009-2010

Kvos (7-8. bekkur): las samtals 5376 bls.

Lækur (9. bekkur): las samtals 2342 bls.

Smiðja (10. bekkur): las samtals 15158 bls.

**Samtals 22.876 blaðsíður**

**Virkir lesendur 51%**

## Íslenskar bækur:

Skólaárið	Nemenda- fjöldi	Fjöldi titla	Blaðsíðufjöldi	Virkir lesendur
2007 - 2008	Lestraráttak ekki hafið. Hófst í nóvember veturinn 2008 - 2009			
2008 – 2009 7., 8. og 9. bekkingar	31		19.794	
<b>2009 - 2010</b>	<b>45</b>	<b>106</b>	<b>22.876</b>	<b>51%</b> (flestir í 10. bekk)

Þegar við skoðum þessar tölur er rétt að hafa í huga að skólaárið 2008 – 2009 tóku tveir bekkir af þremur þátt í lestrarátakinu. Þar að auki hófst átakið ekki í byrjun skólaársins heldur í nóvember í öðrum bekknum og í janúar í hinum bekknum. Þess vegna er samanburður dálítið erfiður á milli þessara tveggja ára. En það er ljóst að það þarf að hvetja nemendur enn frekar í lestri og gera átakið mun sýnilegra. Breytingar mættu verða á skráningarblöðunum og jafnvel hafa skráninguna á tölvutæku formi.

Það er einnig athyglisvert að virkni var langmest í 10. bekk; eða tæplega 60%.

Í heildina var þetta skemmtilegt verkefni og ætla ég að halda áfram af krafti með það næsta skólaár.

*Helga Júlía Vilhjálmstöttir*



**Til umhugsunar**

Það vakna ávallt margar spurningar og vangaveltur þegar lestrartölur eru skoðaðar. Þær sem hér eru birtar eru einungis lokatölur. Bak við þær eru margvíslegar sundurliðanir sem of langt mál væri að tíunda í skýrslu sem þessari. Við kennararnir höfum séð að það getur verið mjög mismunandi eftir árum/einstökum nemendum/lestri ólíkra bókagerða (s.s. skáldsögur, barnabækur, myndabækur/ „manga“) og fleira hvernig tölurnar birtast. Heildartölur segja ekki alla söguna að okkar mati og verða án efa áfram til umfjöllunar í okkar hópi hvaða mælistiku er best að hafa á lestrinum. Það liggur í augum uppi að það er ekki fyllilega sambærilegt að lesa Harry Potter eða „manga“ – bók og því er það spurningin hvort talnabirting framtíðarinnar taki ekki að einhverju leyti tillit til mismunandi bókaflokka. Það verður ekki gert nú en kemur til álita á næsta ári. Í því felst auðvitað þróunarvinnan á þessu sviði meðal annars.

Þess má einnig geta að sá kennari sem hefur haldið utan um frjálslestrarátakið (fyrirverandi enskukennari) í vetur var ekki í skólanum að staðaldri, en hefur haldið mjög nákvæma skráningu yfir lestur nemenda. Það er okkar mat að þessi staðreynd hefur án efa haft áhrif á að heldur færri voru virkir lesendur í vetur. Einnig höfum við fengið vísbendingar um að einhverjar bækur hafa ekki verið skráðar vegna þess að sumir láta undir höfuð leggjast að gera það. Það er reyndar gömul saga og ný.

## Hvaða áhrif hefur útskurður/tálgun á náttúrufræðinám?

### Tálgun í 9. bekk 2009-2010

**Lýsing á verkefninu**

Hugmyndin að verkefninu fól í sér að að kenna nemendum að tálga og tengja þá upplifun og reynslu við náttúrufræðikennsluna. Svo nefnd „skandinavísk tálgunaraðferð“ var lögð til grundvallar og kennarinn nýtti tækifærið til þess að fræða nemendur um ólíkar trjátegundir og tré sem efnivið í mismunandi tálgunarverkefnum.

Nemendur settust í hring og byrjað var að kynna tálguhnífinn og hvernig er hægt að nota hann til tálgunar og til þess að skafa. Einnig fór fram sýnikennsla á hvernig er unnið með hnífnum, farið yfir öryggisreglur og hvernig er nauðsynlegt að bera sig að og hvenær hnífurinn á að vera í hulstrinu. Nemendur fengu að kynna tálgun á ferskum efnivið, þ.e.a.s. blautum efnivið. Á meðan nemendur tálguðu gekk kennari á milli og leiðbeindi um rétt handbrögð. Brýnt var fyrir nemendum að ef rétt aðferð er notuð til tálgunnar þá eru litlar sem engar líkur á að slasa sig.

### Markmið:

- Að nemendur kynnist grundvallaratriðum í að tálga samkvæmt „skandinavísku aðferðinni“.
- Að nemendur tileinki sér færni í að vinna með fínhyfingar og nákvæmisvinnu í tálgun.
- Að nemendur kynnist hver munurinn er á því að vinna með blautan og þurran efnivið.
- Að víkka skilning nemenda á trjám í náttúrufræðilegum skilningi í gegnum tálgunarvinnu.



### Mat á verkefni:

Þetta verkefni fór ekki af stað fyrr en undir vorið. Svigrúm til þess að kynna þurran efnivið fyrir nemendum gafst ekki í þessari frumraun okkar. Fyrirkomulagið var að allur 9. bekkurinn, eða 13 nemendur, lögðu samtímis af stað í tálgun. Eftir á sér kennarinn að það er örugglega betra að hafa hópinn minni (skipta þeim í þrjá smærri hópa), meðan þeir eru að ná meiri tökum á viðfangsefninu.

Fljótlega kom í ljós að nemendur áttu mismunandi auðvelt með fínhyfingar og að verða færir um handverk af þessu tagi. Þetta vakti kennarann til umhugsunar um hvernig hægt sé að auka færni næsta vetur. Nemendur voru mjög jákvæðir gagnvart því að tálga og tóku það fram að þeim þætti verkefni af þessu tagi góð tilbreyting.

Með þessa reynslu í farteskinu er ætlunin að hafa tálgun á námskrá allra bekkja í Tjarnarskóla næsta vetur.

*Viktoría Gilsdóttir*

## Stærðfræðiþrautir í 9. bekk 2009-2010

### Framhald verkefnis frá því skólaárið 2008 - 2009

#### Lýsing verkefnis:

Stærðfræðiþraut er góð leið til að kanna getu og hæfni einstaklinga til að leita lausna. Þrautirnar eru byggðar á reglum og útreikningum sem nemendur hafa þegar þekkingu á eða hafa grunn til að reikna, þ.e.a.s. er innan þeirra þroskasviðs, og fela þeim aukna ábyrgð á eigin námi. Nemendur unnu einir og sér eða saman. Notast var við þrautir og stærðfræðigátur sem þurfti að leysa skriflega og sumar þurfti einnig að fræmkvæma verklega og valdi kennari þrautir út frá fjölbreytileika og að mismunandi styrkleika

Kennari ákvað að verkefnið yrði á dagskrá nemenda á föstudögum, „föstudagsþrautin“, og að nemendur fengu fimm daga til að leysa hverja þraut fyrir sig og skila á miðvikudegi tæplega viku seinna. Nemendur fengu lok kennslutímans á föstudögum til þess að byrja á verkefninu. Nemendur fengu um tuttugu mínútur af kennslustund á viku til að leysa verkefnið og utan þeirra ef þurfti.

Föstudagsþrautirnar í vetur voru samtals 17 og var reynt að hafa þær sem fjölbreyttastar og af mismunandi þyngdarstigi. Þrautirnar voru gerðar nánast vikulega á tímabilinu október til apríl. Þegar nemendur fengu föstudagsþrautina fengu þeir jafnframt leiðbeiningar um hvaða bækur gætu nýst þeim til að leysa þrautirnar miðað við eftirfarandi bækurnar: Átta-tíu (1 til 4) og Almenn stærðfræði (I og II).

Forsendur voru að miða við þær bækur sem eru fyrir 8. og 9. bekk þar sem þrautin var framkvæmd af níundubekkingum.

#### Markmið:


- Að nemendur nýti þá þekkingu sem er til staðar hjá þeim til þess að leysa þrautir.
- Að nemendur kunni að nýta sér námsbækurnar til lausnarleitar.
- Að nemendur kynnist stærðfræðinni frá öðru sjónarhorni.
- Að efla með nemendum sjálfstæði í verkefnaskilum.

#### Mat á verkefni:

Þar sem kennslan í stærðfræði er einstaklingsmiðuð í bekknum, þá voru nemendur mismunandi staddir og missterkir í henni. Nemendur voru einnig misduglegir við lausnaleit og við að skila inn lausnum, eins og sést í meðfylgjandi töflu. Nemendur skiluðu lausnunum skriflega.

Reynt var að fá sem flesta til að vera virkir í að leysa þrautirnar og það voru **að meðaltali um 87% skil**. (Í fyrra voru skilin 73%), sem er ásættanlegt. Markmið næsta árs er að fá alla nemendur til að taka þátt í verkefninu. Nemendur voru duglegir að leita hver til annars og hjálpast að. Eins og áður kom fram þá voru nemendur mismunandi sterkir í stærðfræðinni og komnir mislangt í henni. Þetta kom skýrt í ljós þegar kom að flóknari þrautum. Sumir nemendur áttu í erfiðleikum með að setja lausnirnar í skýrsluform og áttu nokkrir erfitt með að reikna þrautina frá byrjun til enda og sýna alla útreikninga. Mat á úrlausnum eru í meðfylgjandi töflu.

Stærðfræðiþraut																		
	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O	P	Q	
	2	5	2	0	4	8	1	11	5	5	1	4	6	9	6	12	3	7
	1	3	0	2	1	0	7	1	2	1	12	1	3	2	4	0	0	2
	0	4	10	10	4	0	0	1	4	4	0	5	3	1	3	1	10	2
	-1	1	1	1	4	5	5	0	2	3	0	3	1	1	0	0	0	2
Fjöldi nemenda	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13



2: Nemandi reiknar rétt og fær rétta útkomu
1: Nemandi reiknar rétt og fær ranga útkomu, eða nemandi fræ rétta útkomu en sýnir ekki útreikninga
0: Nemandi skilar þraut og reikningar og útkoma er röng
neikvætt 1: Nemandi skilar ekki þraut

A: Hjólaþraut, tími og vegalengd.
B: Finna fjölda réttthyrninga.
C: Breidd gangstígs reiknaður utan um garð.
D: Hjólreiðamaður, reiknuð er vegalengd sem hann hjólar í 5 dögum, út frá hraða og vegalengd.
E: Reikna stærð horns á klukku út frá stöðu litla og stóra vísinum.
F: Reikna átti breidd eins ferhyrnings út frá einslægum ferhyrningi en minni þar sem lengd og breidd er þekkt.
G: Þraut sem felur í sér að flytja hunda og þjálfara yfir fallvatn, þ.s. hundur verður að vera nálægt þjálfara sínum ef aðrir þjálfarar eru nálægt.
H: Hænur og egg: nemendur fá upplýsingar um meðalfjölda eggja sem hæna verpir og þurfa að reikna heildarfjölda hænsnfugla miðað við heildarfjölda eggja sem verpt er á ákv. tímabili.
I: Nemendur reikna meðalaldur kennara miðað við fjölda og tímabil.
J: Breidd hlutar reiknaður út frá rúmmáli og flatarmáli.
K: Ummál hrings reiknað.
L: Þraut sem er svipuð suduko.
M: Prósentureiknigur og tímaskyn.
N: Þraut sem er svipuð suduko.
O: Reikna átti ummál tjarnarinnar út frá jöfnum gönguhraða hvers nemanda og hraða hans (m/s).
P: Jöfnuhneppi.
Q: Gráður.

#### Ath: Þrautirnar voru gerðar á viku fresti í 17 vikur

Í heild fannst mér þetta gott verkefni en þetta er annað árið í röð sem þessar þrautir eru á dagskrá hjá 9. bekk. Með reynsluna frá í fyrra, kennsluveturinn 2008-2009, tók ég upp það fyrirkomulag að fara í gegnum stærðfærðireglurnar sem nýttust við að leysa dæmin þegar ég fór yfir lausnirnar með nemendum í kjölfar skila. Einnig bætti ég því við að þegar nemendur fengu þrautirnar á föstudögum þá gaf ég þeim upplýsingar um hvaða bækur og hvaða kaflar ættu að nýtast þeim. Mér fannst þessar breytingar vera til bóta.

Á næsta ári er ætlunin að hafa fleiri þrautir og að hafa einnig föstudagsþraut í 7./8. og 10. bekk.

## Hvernig getum við bætt skráningu á þemadögum í skólanum í þeim tilgangi að mæla betur virkni og samvinnuhæfni í hópverkefnum?



### Lýsing á verkefninu:

Áður en þemadagar hefjast eru nemendur ávallt minntir á að það sé mjög mikilvægt að hver og einn sé virkur í hópnum. Einnig er minnt á að það skiptir mjög miklu máli að vera góður þátttakandi í hóp. Þessi umræða fer fram í öllu bekkjum. Nemendur eru einnig minntir á að það sé mikilvægt að skipta með sér verkum og að taka sameiginlegar ákvarðanir um viðfangsefnið. Einnig er farið yfir hlutverk hópstjóra.

Á þemadögum er öllum nemendum skólans blandað saman í hópa; 3 – 5 nemendum í hóp. Hver hópur skilar síðan sínu verkefni á sínu „svæði“ (mismundi framsetning eftir verkefnum) þannig að allir nemendur og kennarar geti skoðað verkefnið og metið það. Hver hópur fær síðan matsblöð í hendur og nemendur í hópnum fylla þau út eftir bestu samvisku. Nemendur í hverjum hóp ræða saman um hvern lið áður en þeir ákveða svarið.

Matið fer þannig fram í stórum dráttum:

### Nemendur:

- Nemendur fylla út sjálfsmatsblað þar sem þeir sýna fram á mætingu nemenda í hópnum frá degi til dags.
- Gefa síðan stig frá 20 og upp í 200 fyrir **virkni í hópnum** og **samvinnu**.
- Meta einstök verkefni í nokkrum liðum. Á þemadögum í janúar var t.d. sundurliðunin: *Tímabilið ykkar (texti), myndrænar skýringar, úrklippuverkefni, viðtal, merkisatburður innanlands, merkisatburður utanlands, tónlist og tíska...*

- d) Nemendur eru einnig beðnir um að skrá fleiri atriði s.s.: *Hvert fór hópurinn í heimsókn? Hver tók á móti hópnunum? Hvað þótti ykkur erfiðast? Hvað fannst ykkur takast best?... o.fl.*
- e) Nemendur fá síðan annan lista þar sem þeim er ætlað að meta vinnu annars hóps. Hver hópur metur einn annan hóp. Líkt og í liðum a - c þá gefa þeir stig fyrir einstök verkefni, heildarútlit, frumlega framsetningu og leggja mat á hvort þeim finnst verkefnið grípandi og hvað þeim finnst flottast í verkefninu sem þeir meta. Þeir skrifa síðan umsögn um verkefnið.
- f) Hver einstaklingur greiðir atkvæði um glæsilegasta verkefnið, að sínu mati. Niðurstöður þeirrar kosningar eru síðan notaðar við verðlaunaveitingu fyrir þemadaga sem „Flottasta verkefnið að mati nemenda“.

**Kennarar:**

Þeir fylgjast með framvindu verkefnanna alla dagana. Í hverri stofu er skráningabók þar sem mætingar nemenda eru skráðar í hverjum hópi, skráð hvenær nemendur fara úr húsi, í heimsóknir og efnisöflun, hvenær þeir ákveða að fara í pásu og hversu lengi, hvernig samvinnan er í hópnum og virknin. Leitast er við að hafa skráningar stuttar og hnitmiðaðar. Venjulega er skráningablað fyrir hvern hóp um sig 1 – 2 blaðsíður af texta yfir tímabilið.

Þegar verkefninu er lokið og nemendur hafa fyllt út sjálfsmatsblöð og metið annan hóp þá skoða kennarar öll verkefni og gefa stig. Þá er m.a. tekið tillit til virkni í hóp, einstök verkefni, listræna framsetningu, sköpunargleði, heildarútlit, frumkvæði, hópstjórn og fleira.

Kennarar ákveða síðan í sameiningu hvaða verkefni vinna til verðlauna og einnig er ákveðið hvort ástæða sé til að veita viðurkenningar fyrir einstaka þætti s.s. hópstjórn, góða samvinnu, frumlega framsetningu og fleira uppbyggjandi.

Venjan er að allir geri sér glaðan dag í lok þemadaga. Við fáum okkur einhverja hressingu saman, t.d. drykk og kleinu/ostaslaufu eða annað. Við veitum síðan viðurkenningarnar eins fljótt og hægt er þegar allar mælingar hafa verið skoðaðar og ákvarðanir teknar um verðlaun/viðurkenningar og setjum fréttir um þær niðurstöður á skólavefinn okkar.

**Markmið:**

- Að bæta skráningu í þeim tilgangi að mæla betur virkni og samvinnuhæfni nemenda í þemadagavinnunni.
- Að nemendur skoði sitt eigið framlag í hópavinnunni og verði meðvitaðri um að eigið framlag skiptir máli fyrir þá sjálfa og hópinn í heild sinni.
- Að styðja við hópstjóra í þemaverkefnum þannig að þeir hafi meiri yfirsýn yfir vinnu hópsins.
- Að nemendur fái einnig möguleika á að meta hópstjórn markvisst.

Til þess að nálgast þessi markmið ákváðum við að bæta við skráninguna okkar:

- a) **Matsblaði sem hópurinn fyllir út í lok hvers þemadags** þar sem skráð var hvað hver og einn lagði af mörkum á viðkomandi degi með kvittun hópstjóra.
- b) **Matsblaði/einstaklingsmat sem hver nemandi fyllti út í lok þemadaga.** Nemandinn var beðinn um að meta í nokkrum liðum: Eigin frammistöðu, samvinnuna í hópnum, gera samanburð á eigin framlagi annars vegar í nóvember/hins vegar í janúar og segja sitt álit á hópstjórninni og koma athugasemdum á framfæri um þemadagana.

Þessum tveimur blöðum var bætt við þegar mat á þemadögum fór fram í janúar. Við höfum því samanburð frá nóvemberdögum.

### **Mat á verkefni:**



Almennt má segja að við höfum ávallt verið mjög ánægð með þemadagaverkefnið okkar í gegnum tíðina. Fyrirkomulag og framkvæmd hefur verið í sífelldri þróun gegnum árin. Auðvitað eru nemendur misfærir í samskiptum í hópavinnu en augu okkar hafa sífellt meira opnast fyrir mikilvægi þess að nemendur geri sér grein fyrir hvaða þátt þeir sjálfir eigi í samstarfi við aðra og mikilvægi þeirra samskipta og vinnuframlags.



### **Blaðið sem hópurinn fyllti út í lok hvers þemadags.**

Samkvæmt umræðum á kennarafundi í lok síðari þemadaganna og umsagna frá kennurum erum við sammála um að þessi viðbótarskráning hafði jákvæð áhrif. Við teljum að nemendur hafi betur áttað sig á því hvað þeir lögðu sjálfir að mörkum þegar þeir þurftu sjálfir að tilgreina: „Hvað lagði ég að mörkum í dag?“. Þetta gerði hópstjóranum einnig léttara að hafa yfirsýn yfir vinnu hópsins á degi hverjum.

### Einstaklingsblaðið í lok þemadaga - niðurstöður:

Nemendur voru beðnir um að svara fjórum spurningum í „einstaklingsmati“.





Í tengslum við 3. spurninguna: Hvort gengið hafi betur í nóv./jan. þá voru nemendur beðnir að tilgreina hvað gekk betur. Svörin voru margvísleg s.s.:

Samræmdari hópur, skipulagðari og vann betur.  
Bara allt.  
Það tóku allir þátt núna.  
Betri hópvinna og betri plön.  
Hóparnir vour betri.  
Beta skipulag.  
Beta heildarútlit.  
Samvinna og allirað tala um verkið.  
Textinn og textasmíðin.  
Flest allt  
Allt (x 3)  
Vinnan, við gerðum miklu meira í nóvember.  
Mér líkaði betur við verkið.  
Unnum meira saman (x 2)  
Hópurinn vann betur saman.  
Skiptingin í hópnum og hópstjórinn.  
Ég tók þátt í þetta sinn.  
Hópstjórinn, jákvæður hópur, allt gekk vel, ekki neitt þras.  
Það var aðeins meiri kraftur í fyrri hópnum.  
Samvinnan og samkomulagið.  
Vinnan.  
Það var beta þema. Samvinnan og allir höfðu verkefni.  
Hópurinn vann hraðar, betur og meira.

### **Mat á verkefninu:**

Þessar niðurstöður eru í takt við það sem við kennararnir sáum gerast; fleiri virkir og fleiri ánægðir. Með þessari matsaðferð eru nemendur einnig virkir þátttakendur í því að meta eigið framlag, en jafnframt vinnu annarra. Hún vekur nemendur til umhugsunar um mikilvægi þess að vinnuframlag hvers og eins skiptir máli og að allir hafi rétt á því að segja sitt álit og koma með tillögur. Verkaskipting reyndist einnig vera betri. Við höfum í gegnum tíðina séð að stundum vinna sumir miklu meira en aðrir, okkur fannst takast betur til í janúar en nóvember hvað þetta varðar.

Mjög hátt hlutfall nemenda var einnig ánægt með hópstjórnann sinn. Það segir þá sögu að þeir eru sanngjarnir og leyfa öðrum að koma með tillögur og álit og að verkaskipting sé sanngjörn, sem er af hinu góða.

Við getum því verið sátt við þessa viðbót á matsblöðum og höldum örugglega áfram á þessum nótum. Þemadagar eru afar skemmtileg tilbreyting í skólastarfinu og það er okkar upplifun að stemmningin í húsínu hefur á sér yfirbragð vinnusemi og vinnugleði. Það er mjög ánægjulegt.



Tilraun gerð: Að hjúpa lakkrís með hvítu súkkulaði og þróa pizzugerð

## Hvaða áhrif hefur hláturjoga í skólastarfinu í Tjarnarskóla?

### Lýsing á verkefninu

Ég kynntist hláturjoga 2003 hjá Ástu Valdimarsdóttur og Kristjáni Helgasyni og lauk hláturleiðbeinendanámskeiði hjá Ástu 2008. Mér lék forvitni á að vita hvort hláturjogað ætti heima í skólastarfi og langaði að skoða hvaða áhrif það hefði á hvern og einn, bekkjarandann og námsframmistöðu og ekki síst í dönsku þar sem ég kenni hana.

Hláturjoga er æfingakerfi þróað af indverska læknum Madan Kataria og konu hans, jógakennaranum Madhuri Kataria. Þau stofnunðu fyrsta hláturjógaklúbbinn á Indlandi 1995 til að sannreyna jákvæð áhrif hláturs á sál og líkama en allir kannast við hve gott er að hlæja. Kerfið byggist upp á leikrænum hláturjogaæfingum sem stuðla að því að hlægja án tilefnis. Kerfið hefur sannað sig og hefur bættandi áhrif á andlega og líkamlega líðan, eflir sjálfsmynd þeirra sem það stunda og samskipti þá við aðra. Kerfið er einfalt og það geta allir iðkað það.

Ég byrjaði á að fá umsjónarbekkinn min, 9. bekkinn, í lið með mér, eða Lækin ein og við köllum hann. Þau samþykktu öll að taka þátt. Ég notaði oftast dönskutímana á föstudögum undir hláturjogað. Brátt smitaðist hláturjogað yfir í Kvosina en þar var blanda af sjöundu- og áttundubekkingum og að lokum í Smiðjuna, til 10. Bekkinganna, og brátt urðu föstudagar „hláturjogadagar“.

Hláturjogað fór fram í skólastofunni og voru skólaborðin færð út að vegg til að skapa gólfpláss. Þátttakendum var gert að standa í hring, þannig að sem best augnsamband fengist. Nemendurnir fengu fræðslu um hláturjogað, tilætluð áhrif þess á sál og líkama, hvernig best er að framkvæma æfingarnar og hvers vegna. Ég sýndi þeim hverja nýja æfingu, hvatti þau til að taka þátt eins og þeir treystu sér til og leiddi þá áfram í æfingunum. Með hækkandi sól flutti ég hláturjogað út undir beran himin yfir í Hljómskálagarðinn og Mæðragarðinn.

Ég skráði hjá mér virkni hvers og eins í hláturæfingunum og hélt dagbók. Nokkur þróun varð í skráningunni og varð hún nákvæmari eftir því sem leið á veturinn. Í lok skólaárs lagði ég svo viðhorfskönnun fyrir nemendur og kennara.

Ég komst fljótt að því að til þess að fá bestu virknina í hláturjogað var best að byrja tímana á því. Það var erfiðara að byrja tímana á námsvinnu og ætla svo að koma bekknum úr námsgírnum yfir í hláturjogað. Á sama hátt var ekki auðvelt að fá nemendurna úr hláturjogagírnum yfir í námsgírinn. Ég fann það einnig út að best var að hafa hláturæfingarnar þéttar og markvissar og því glaðari og ákveðnari sem ég var í æfingunum þeim mun meiri virkni fékkst.

#### Markmið:

- Að kanna hvort hláturjoga eigi heima í skólastarfi á grunnskólastigi.
- Að nemendur kynnist hláturjoga og nýti sér það á jákvæðan hátt.
- Að kanna hvaða áhrif hláturjoga hefur á bekkjarandann.
- Að nemendur meti hvaða áhrif hláturjoga hefur á hvern og einn.
- Hvort hláturjogað geti haft jákvæð áhrif á námsframvindu í öðrum greinum, sérstaklega dönsku.



Svo þarf að leysa úr flækjunni

**Mat**

Í heildina tókst vel til með verkefnið en það gat stundum verið erfitt að fá krakkana til að taka þátt og krafðist mikillar virkni af kennara. Virkni nemenda í hláturjógatímunum fór vaxandi eftir því sem leið á skólaárið og krakkarnir vöndust æfingunum og náðu smám saman að yfirstíga hræðsluna við að „verða sér til skammar“.

**Heildarniðustöður viðhorfskönnunar hjá nemendum litu svona út:**

Hvernig líkaði þér við hláturjogað?	Mjög vel	Vel	Hlutlaus	Ekki vel
	6	12	16	4

Hvaða áhrif hafði hláturjogað á þig?	Mjög góð	Góð	Engin	Ekki góð
	4	19	14	0

Hvaða áhrif heldur þú að hláturjogað hafi haft á þekkingu þína?	Mjög góð	Góð	Engin	Ekki góð
	3	30	5	0

Tókstu þátt í hláturjógatímunum?	Já, mjög mikinn	Já	Já, aðeins	Nei
	10	7	20	2

Viltu halda áfram að læra hláturjoga?	Kannski	Já	Nei	Alls ekki
	15	13	8	1

Svör nemendanna við spurningunni um hvaða áhrif hláturjogað geti haft á námsframmistöðu voru margvísleg en flest á þann veg að nemendur töldu hláturjogað geta bætt námsframmistöðu, einstaka töldu hláturjogað þó engin áhrif hafa á námið. Dæmi um svör:

Nemendur hlæja og verða því hamingjusamari og þá geta þau lært betur.

Kannski verða þau léttari í skapinu og afslappaðari til að læra.

Maður verur fljótari að hugsa og líður betur.

Það er sagt að jákvæð hugsun sé 50% af námi og ég trúir svo sannarlega á það.

Það lét mig brosa og hlæja sem hjálpar mér að vera jákæðari gagnvart náminu.

Ef maður nýtur þess gæti það mögulega bætt námsárangur.

Ég held að það hefi bara áhrif á líðan en ef manni líður vel lærir maður oft vel.

Vel, hláturjogað opnar fyrir alls konar jákvæðar hugsanir. Það gerir lífið auðveldara og skemmtilegra.

Maður verður rólegri í tímum og blóðið fer á hreyfingu.

Maður nær slökun.

Gerir okkur jákvæðari

Ekki mikla, á námið.

Ég held að það hafi engin áhrif á námsframmistöðu. Það er bara gott að fá frí frá náminu smástund með því að fara í hláturjoga.

Þessar niðurstöður komu skemmtilega á óvart og voru ánægjulegar í ljósi þess hve fyrirhafnarsamt var oft að fá krakkana til að taka þátt. Flestir reyndust jákvæðir í garð hláturjoga, stór hluti taldi það hafa góð áhrif að stunda hláturjoga ekki síst á bekkjarandann og stærstur hluti nemendanna vildi læra meira.

Viðhorf samkennara til hláturjoga voru einnig jákvæðar og nokkuð samhljóma. Þeim virtist hláturjogað almennt hafa haft jákvæð áhrif á skólastarfið og geta sjálfir hugsað sér að læra hláturjoga. Sumir bentu einnig á að það hefði haft hvetjandi áhrif á hvern og einn ekki síst þá sem eru eitthvað, „inni í sér“ og tek ég heilshugar undir það. Einn kennaranna taldi það hafa gert nemendurna opnari fyrir dönskunáminu. Mín tilfinning er sú að kennslan í hláturjoganu hafði jákvæð áhrif á samskipti mín við nemendurna, efldi mig og gerði mér auðveldara að gera meiri kröfur til þeirra varðandi dönskuna.

Dæmi um svör frá kennurum um áhrif hláturjóga á skólastarfið , bekkjarandann og viðhorf nemendanna til þess:

Einungis jákvæð áhrif.

Uppbyggjandi.

Gott krydd í skólastarfið.

Það myndaðist afar notalegt andrúmsloft í skólanum þega hláturjóga var í gangi.

Andinn í Tjarnarskóla var einstaklega góður í vetur og kannski hafði hláturjógað áhrif á það.

Ég held að flestir nemendur hafi dregið úr spennu og orðið afslappaðari.

Ég held að þau hafi tengst betur eftir að hafa hlegið saman.

Þeim finnst hláturjógað svolítið hallærislegt, en innra með þeim held ég að þau njóti þess.

Það var augljóst að ákveðnir nemendur sem voru feimnir eða meira til baka, urðu afslappaðari og hegðuðu sér í ríkari mæli „eðlilega“ þegar þeir tóku þátt í hláturjóganu ( vegna þess að hinir tóku þátt).

Við spurningunni um hvort hláturjóga eigi heima í skólastarfi fékkst með þessari tilraun jákvæð niðurstaða að mínu mati. Þetta er að vísu nokkuð huglægt mat og alltaf erfitt að segja til um áhrifin með óyggjandi rökum. En ég hlakka til að halda áfram með verkefnið og er vongóð um að áhrif hláturjógaiðkunar eigi eftir að skila sér enn betur í næstu atrennu. Við erum öll reynslunni ríkari.

*Sigríður Thorsteinsson*



## Hvernig getum við fylgst kerfisbundið með samskiptum/líðan nemenda í skólanum?



Eins og fram hefur komið þá er okkur afar umhugað um líðan nemenda í skólanum á hverjum degi og teljum okkur ávallt vera á varðbergi hvað þetta varðar. Umsjónarkennarar eru í vikulegu sambandi við foreldra og leggja sig fram um að vera meðvitaðir um líðan nemandans á hverjum tíma. Við ákváðum að gera könnun í öllum bekkjum undir lok skólaársins til þess að meta betur stöðuna hér í skólanum.

### Við lögðum fyrir spurningarnar:

1. Hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum í vetur?

Hér gafst nemendum tækifæri til þess að svara játandi eða neitandi. Ef svarið var já þá voru möguleikarnir að tilgreina hvort um að hafi verið að ræð; í frímínútum, kennslustundum, íþróttum eða annars staðar.

2. Telur þú að einhver annar nemandi hafi orðið fyrir einelti í skólanum?.

Hér var möguleiki að svara játandi /neitandi. Ef já; hvernig kom það fram? Auk þess er spurt, ef svarið var já, hvort nemandinn telji að kennari/skólustjóri hafi vitað af því.

3. Hvernig hefur þér liðið í skólanum í vetur?

Hér voru möguleikarnir að merkja við: Mjög vel, vel, nokkuð vel, frekar illa, illa, mjög illa.

Nemendum gafst einnig möguleiki á að koma á framfæri einhverju sem þeir töldu að kennarar/skólustjóri þurfi að vita um, þ.e. neikvæð samskipti nemenda sem hægt væri að bæta úr.

**Niðurstöður:**

	Hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum í vetur?		Hvar?	Vissi kennari/ skólastjóri af því?
	Já	Nei		
Kvos (7. /8. b.)	Enginn nem.	13 nemendur		
Lækur (9. b.)	Enginn nem.	12 nemendur		
Smiðja (10. b.)	1 nemandi	10 nemendur	Í frímínútum	Nei

	Telur þú að einhver nemandi hafi orðið fyrir einelti í skólanum í vetur?	
	Já	Nei
Kvos (7. /8. b.)	1 nemandi	12 nemendur
Lækur (9. b.)	3 nemendur	9 nemendur
Smiðja (10. b.)	1 nemandi	9 nemendur

**Athugasemdir frá nemendum:**

Ef já, hvernig kom það fram:

Það var verið að ásaka eina manneskju um eitthvað sem hún gerði ekki. (Yngsti hópur).  
 Það eru sumir strákar að gera grín að einni stelpu í skólanum og hvernig hún lítur út (9. b.)  
 Nei, ekki beint einelti, en ég veit um nemanda sem leið illa. (10. b.)

	Hvernig hefur þér liðið í skólanum í vetur?					
	Mjög vel	Vel	Nokkuð vel	Frekar illa	Illla	Mjög illa
Kvos (7. /8. b.)	3	6	3	0	1	0
Lækur (9. b.)	2	5	4	1	0	0
Smiðja (10. b.)	8	1	2	0	0	0
36	36%	33%	25%	3%	3%	

Nemendum gafst einnig færi á að koma ábendingum á framfæri sem þeir teldu að væri gott að kennarar/skólastjóri þurfi að vita um svo hægt verði að bæta um betur næsta vetur.

Þær athugasemdir sem bárust voru:

Nei, mér finnst allt vera að ganga vel, en það mætti láta okkur vita með meiri fyrirvara ef eitthvað á gera eða fara.

Nei, ég held ekki.

Veit ekki.

Ábending barst um að strákar í 9. bekk væru stundum leiðinlegir við eina stúlkuna í bekknum.

Bara þetta með þessa stelpu sem að var gert grín að.

Nei (7)

Mér dettur ekkert í hug núna

Prófin eru of seint

Ekki að vera svona grimmt ef við gerum eitthvað rangt.

Setja ekki svona mikið fyrir því þá líður manni illa yfir að geta ekki klárað (á sérstaklega við um einn kennara).

Já, vera meira meðvituð um hvað er að gerast. Tala meira við nemendur.

Nei, akkúrat ekkert.

Nei, ekki svo ég viti

### Samantekt:

Þegar nemendur eru sjálfir spurðir svarar einungis einn því játandi að hafa orðið fyrir einelti í skólanum; í frímínútum. Um leið svara 94% nemenda að þeim hafi liðið „mjög vel“, vel, nokkuð vel, en 6% (2 nem) að þeim hafi liðið „frekar illa“/ „illa“. Spurningablaðið gaf þessum nemendum ekki tækifæri til þess að tilgreina hvort þessi vanlíðan tengist samskiptum í skólanum eða einhverju öðru. Þetta gefur tilefni til að bæta spurningablaðið fyrir næstu notkun.

Varðandi ábendingu um að strákar hafi verið angra stelpu í einum bekknum. Þá fékk það mál ágæta úrvinnslu að okkar mati.

Eins og fram hefur komið viljum við að öllum líði vel í skólanum. Það er ástæða til að gera viðhorfskannanir oft en einu sinni á vetri – til þess að hjálpa okkur að greina vandann, þegar hann er til staðar. Það verður gert.



## Hvernig getum við aukið lýðræðisvitund nemenda í 7. og 8. bekkjar hópnum ?

### Lýsing á verkefninu

Mikið hefur verið rætt um lýðræðisumbætur undanfarið og jafnvel má ganga svo langt að segja að það séu auknar kröfur um lýðræðisleg vinnubrögð á nær öllum sviðum samfélagsins. Við þurfum hinsvegar að átta okkur á að til þess að lýðræði gangi upp þá þurfum við að temja okkur þess háttar vinnubrögð og gera okkur grein fyrir hver ábyrgð okkar er ef við viljum lifa í lýðræðislegu samfélagi. Þetta verkefni miðar að því að þjálfa upp grunnþætti lýðræðis.

Eitt það mikilvægasta í lýðræðislegu samfélagi er samræðan og sú tilfinning að allir geti haft áhrif með því að leggja sín lóð á vogarskálarnar. Að geta sett fram hugmyndir og slípa þær til í umræðu við aðra. En það er ekki síður mikilvægt að hlusta á hvað aðrir hafa að segja og geta séð þeirra hlið á málunum.

Til þess að þjálfa nemendur í þessum þáttum hafði ég umræðutíma u.þ.b. þriðju hverju viku þar sem við settumst niður í hring og töluðum saman í um 20 mínútur. Ég gerði nemendum grein fyrir að aðeins einn mátti tala í einu og á meðan ættu allir hinir að hlusta. Nemendur voru hvattir til að rétta upp hönd ef þau höfðu athugasemdir.

Eitt af því fyrsta sem ég setti í hendurnar á þeim var að hafa áhrif á stundaskrána, þ.e að raða til þeim tímum sem ég kenndi þeim (ég kenndi þeim ensku, stærðfræði, og samfélagsfræði).

Ég bauð þeim einnig að koma með hugmyndir að verkefnum og hvernig ætti að meta þau, og svo hvernig heimanámi skyldi háttað.

Ég laumaði inn milli nokkrum erindum um að bera virðingu fyrir skoðunum annarra og að okkar skoðun er ekki endilega sú eina rétta. Þá ræddi ég einnig um gagnrýna hugsun og hvað það þýðir að gagnrýna aðra, mikilvægi þess að gagnrýni sé uppbyggjandi en ekki til þess að rífa niður og hvernig eigi að taka gagnrýni.



#### Markmið:

- Að hjálpa nemendum að taka fleiri skref í lýðræðislegri umræðu og mikilvægi þess að mynda sér skoðun á ábyrgan hátt.
- Að hvetja nemendur til þess leita sér þekkingar svo þeir geti stutt skoðanir sínar með einhverjum rökum.
- Að þjáfa nemendur í að vera þátttakendur í samræðunni í bekknum.
- Að nemendur finni mikilvægi þess að þeir geti haft áhrif á sitt eigið nám og taki um leið aukna ábyrgð á því.

#### Mat á verkefninu:

Nemendur áttu dálítið erfitt með að hafa hemil á sér í umræðunum til að byrja með og gripu gjarnan fram í hver fyrir öðrum. Þeir áttu einnig erfitt með að styðja mál sitt með rökum. Þetta lagaðist þó eftir því sem leið á. Þegar ég bauð þeim að koma með tillögur um hvernig breyta mætti stundaskránni þá komu upp nokkrar hugmyndir frá nokkrum nemendum. Einnig komu fram neikvæð viðbrögð frá öðrum. Ég reyndi að fá þá til að komast að samkomulagi en það gekk ekki eftir og þeir nemendur sem komu með hugmyndirnar töldu breytingarnar ekki nægilega mikilvægar til þess að fylgja þeim eftir. Nemendur gerðu sér hins vegar grein fyrir að umræður af þessu tagi gætu verið farvegur fyrir breytingar.

Nokkrum sinnum komu hugmyndir frá nemendum að verkefnum tengdum námsefninu. Tvö verkefni, tillögur frá þeim, urðu að veruleika og gengu þau bæði afar vel. Annað tengdist stærðfræði. Þeirra

hugmynd var að gera tölfraðilega könnun. Hún fól það í sér að nemendur fóru út úr skólanum og töldu bíla og skráðu niður liti og gerð. Þetta gekk afar vel, nemendur voru mjög sjálfstæðir þannig að ég þurfti einungis að hjálpa þeim lítillega.

Hitt verkefnið tengdist landafræði og gekk út á að kynna sér land nokkuð vel og trúarbrögðin sem þar voru iðkuð og flytja svo fyrirlestur um það. Þetta verkefni gekk einnig mjög vel. Nemendur unnu af miklum áhuga í fjórum hópum með 2-4 nemendum og skiluðu af sér um 20 mínútna fyrirlesturum.

### Til umhugsunar

Ég hef tekið eftir því að þegar nemendur hafa þannig áhrif á námið þá eykst áhuginn mikið. Þeir hafa þá tilfinningu að þeir „eigi í“ verkefninu og hefja vinnu af fúsum og frjálsum vilja. Mér fannst þetta góð reynsla og gefur tilefni til nánari útfærslu. Að þessu sinni lét ég nægja að meta þessi fyrstu skref huglægt en stefni á að gera formlega viðhorfskönnun næsta vetur (9. b.). Þá verður hægt að taka fleiri skref þar sem meiri þroski og þjálfun á þessu sviði verður líklega til staðar.



## Aðrar tiltækar viðhorfakannanir

Viðhorfakannanir hafa verið gerðar á vegum Menntasviðs Reykjavíkur árin 2006, 2008 og 2010; „Viðhorf foreldra til skólstarfs í grunnskólum“. Niðurstöður um Tjarnarskóla má nálgast á heimasíðu skólans <http://tjarnarskoli.is/foreldrar.htm>

Niðurstöður viðhorfakönnunar Menntasviðs Reykjavíkur eru almennt séð mjög jákvæðar fyrir Tjarnarskóla.

### Samantekt:

Hlutfall foreldra, sem svara spurningunni um hvort þeir eru „ánægðir/frekar ánægðir“ með skólann, er 100%, en var 90% í síðustu könnun. Það er mjög ánægjuleg niðurstaða. Um 95,5% eru ánægðir/frekar ánægðir með stjórnun skólans. Þetta hlutfall var um 84% síðast.

Umsjónarkennarar skora 100% (síðast 93%) hvað ánægju varðar með þeirra störf og um upplýsingastreymi frá umsjónarkennara eru um 95,4% foreldra ánægðir (síðast 89%). Allir, eða 100%, eru ánægðir með hversu vel gengur að ná sambandi við umsjónarkennara. Allir, 100% (síðast 89%) eru ánægðir með að umsjónarkennari fylgist vel með frammistöðu barns í námi. Hvað varðar ánægju með hvernig umsjónarkennari upplýsir foreldrahópinn um líðan og félagsanda í bekknum er 95,4% ánægja. Hvað varðar námsgreinar þá er ánægja foreldra 96% með íslensku, 86,9% með lestur, 92,3% með stærðfræði og 100% með erlend tungumál.

Um 85% töldu síðast að hæfilegar námskröfur séu gerðar til nemandans en nú er hlutfallið 100%. Að agi sé hæfilegur í skólanum eru 100% sammála (um 89% síðast) og 95,7% (síðast 88%) telja að áhersla á próf sé hæfileg. Um 83% (síðast 73%) telja að heimavinna barns sé hæfileg og 88% telja að barnið fái verkefni við hæfi í skólanum. Þegar kemur að námsmati telja 87,5% að skólinn veiti nægilegar upplýsingar um námslega stöðu barns í skólanum.

Spurningunni um hvort foreldrar telji að barninu líði vel í skólanum svara 100% „alltaf/oftast“ í skólanum, í kennslustundum er svarhlutfallið 91,7% (síðast 80%) og í frímínútum 100% (eins og síðast). Spurningunni hvort barnið hafi orðið fyrir einelti í skólanum síðast liðna 12 mánuði svara 3 játandi eða 12% og 6 eða 24% „lengra síðan“ að svo hafi verið. Um viðbrögð við einelti og hvar það átti sér stað erum við að velta fyrir okkur hvort foreldrar hafi skilið „í skólanum“ í skólagöngu barnsins gegnum tíðina eða í Tjarnarskóla. Það hversu hátt hlutfall segir að barninu líði almennt vel í skólanum gefur tilefni til að álykta sem svo.

Okkur finnst því þessar niðurstöður stangast talsvert á og gefa tilefni til vangaveltna sem hér verða ekki tilgreindar heldur verða til umfjöllunar á kennarafundum/skólaráði/foreldrasamstarfi. Hér þurfum við betri greiningu. Hvort foreldrar telji að unnið sé eftir eineltisáætlun í skólanum svara 48,6% já, 8,7% nei,

aðrir þekkingu ekki eineltisáætlunina. Þegar kemur að sérkennslu þá eru foreldrar 100% að hún hafi orðið að miklu, nokkru gagni og 83% eru ánægðir með hana. Um 96% svara því neitandi að hafa notið sálfræðipjónustu á skólaárinu. Og 100% segjast ekki hafa sóst eftir þeirri þjónustu og fengið neitun.

Um 83% (síðast 85%) eru ánægð með síðasta foreldraviðtal í skólanum. Þegar foreldrar eru spurðir um hvort skoðanir þeirra skipti máli þegar ákvarðanir eru teknar varðandi þeirra barn, svara 87,5% (88,5% síðast) játandi. Hvort foreldrar vilji hafa meiri, svipuð, minni áhrif á skólastarfið svara um 92% svipuð. Spurning sem varðar Mentor vakti upp spurningar vegna þess að Tjarnarskóli er ekki með þjónustu í gegnum Mentor. Samt sögðust allmargir foreldra fara reglulega inn á þessa þjónustusíðu (getur hugsanlega tengst systkinum Tjarnskælinga). Viðhorf foreldra sem varða upplýsingar á heimasíðu skólans eru á þá lund að 96% svara því til að upplýsingarnar séu „gagnlegar/frekar gagnlegar“ og 100% svara að þeir fái upplýsingar frá skólanum í tölvupósti og 96% eru ánægð með upplýsingagjöf skólans. Jákvæð samskipti starfsfólks við barnið mælist 91% (síðast 92%) og ánægja með almenna umönnun barns er 92%. Um 96% (síðast 88%) eru ánægð með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins eru 96% og 77,8% eru ánægð með gæslu á skólalóð. (Þessar tölur eru dálítið sérstakar af því að engin skólalóð er við skólann), en 22% eru óánægð með leikaðstöðu á skólalóð, sem er afar skiljanlegt. Hvað varðar aðstöðu til að matast eru 75% ánægð og 20% hvorki/né. Þetta eru ánægjulegar niðurstöður þar sem nemendur hafa einungis aðgang að litlu eldhúsi til þess að hita sér nesti – og síðan kennslustofur til þess að matast í. Samt gengur þetta afskaplega vel.

Um aðstöðu til íþróttaiðkunar svara 25% því að þeir séu óánægðir, sem er einnig skiljanlegt þar sem nemendur þurfa að taka strætó í Valsheimilið tvisvar í viku, þar sem skólinn hefur engan aðgang að íþróttahúsi í nágrenni við skólann. Foreldrar eru einnig óánægðir með að það er ekki aðstaða til tólmstundaiðkunar í skólanum að loknum skóladegi, eða um 60%. Þegar kemur að aðgangi nemenda að tölvum svara 85% að þeir séu ánægðir og 10% hvorki/né og 95,2% (síðast 88%) eru ánægðir með aðbúnaði í kennslustofum. Um 30% eru óánægðir með aðstöðu fyrir verklegar greinar, 38% hvorki/né og 31% ánægðir.

### **Veikleikar/það sem þarfnast bóta.**

Helstu ábendingar um það sem betur má fara tengjast aðallega ytri aðstæðum sem hefur reynst erfitt að bregðast við.

Staðsetning skólans hefur þá ókosti að engin eiginleg skólalóð er við skólahúsnæðið. Þess vegna er mjög skiljanlegt að 22% foreldra eru óánægð með aðstöðu á skólalóð. Óánægja með aðstöðu til íþróttaiðkunar er 25%. Það má eflaust rekja til þess að nemendur þurfa að taka strætisvagn í Valsheimilið til þess að sækja íþróttatíma tvisvar í viku. Um 60% foreldra nefna óánægju með aðstöðu til tólmstundaiðkunar eftir skóla. Sú aðstaða er ekki fyrir hendi. Í þessu samhengi má benda á að flestir nemendur eiga ekki heima í skólahverfinu og halda því heim á leið eftir íþróttir og sund í lok dagsins tvisvar til þrisvar í viku en íþróttirnar og sundið eru kennd í talsverðri fjarlægð frá skólanum.

Óánægjan með aðstöðu fyrir verklegar greinar er 38%. Í skólahúsnæðinu eru einungis 3 hefðbundnar kennslustofur. Það hefur ekki fundist aðstaða í næsta nágrenni skólans til þess að iðka verklegar greinar, en til margra ára höfðum við aðgang að sérgreinastofum í Miðbæjarskólanum. Sú aðstaða er ekki lengur fyrir hendi. Við erum afar meðvituð um þetta og reynum að koma til móts við þessa vankanta með óbeinum hætti.

## Samantekt /umræða

Ákveðið var að beina sjónum sérstaklega að níu þáttum skólastarfsins og fá svar við eftirfarandi matsspurningum:

### 1. Hvernig viljum við breyta Skólanámskrá Tjarnarskóla?

Eins og komið hefur fram þá settum okkur það markmið að ljúka þessari vinnu á nýloknu skólaári og því næsta (2010 – 2011). Skemmst er frá því að segja að afar lítið svigrúm gafst í þessa vinnu í vetur. Það má aðallega rekja til þeirra aðstæðna að hátt hlutfall kennarahópsins (þrír nýir aðalkennarar af fimm) var að kynnast starfsháttum skólans. Við ætlum okkur að setja mikinn kraft í þessa vinnu strax á komandi skólavetri.

### 2. Hvernig þróast áttak í frjálsllestri enskra bóka annars vegar, en íslenskra bóka hins vegar?

Frjálsllestur í ensku hefur verið iðkaður kerfisbundið í skólanum síðast liðin þrjú og hálf ár. Í fyrra þróuðum við þetta áttak í þá átt að nýta þá reynslu sem þegar var til staðar til þess að gera sambærilegt áttak í íslensku. Skólaárið 2009 – 2010 taldist heildarblaðsíðutalið um 1700 fleiri en árið á undan. Þessi samanburður er þó ekki einhlítur vegna þess að árið á undan tóku aðeins tveir bekkir af þremur þátt í íslenskulestrinum. Auk þess hófst lestrarátakið ekki fyrr en í nóvember í öðrum bekknum í fyrra og eftir áramót í hinum. Í lestartölum yfir enskulesturinn voru háar lestartölur yfir svo nefndar manga - bækur sem eru ríkulega myndskreyttar. Þetta gerir samanburðinn flókinn. En eitt er víst: Við erum staðráðin í að halda bókum áfram að nemendum og erum þess fullviss að mikill lestur er af hinu góða.

**3. Hvaða áhrif hefur útskurður/tálgun á náttúrufræðináám?**

Fyrstu skrefin voru stigin í vetur í að kenna nemendum að tálga. Það, að við „eigum“ nú okkar grenndarskóg, gaf þetta skemmtilega tilefni. Farið var af stað í 9. bekknum en fyrirhugað er að allir nemendur skólans verði þátttakendur næsta vetur. Við erum ánægð með tilraunina og höldum áfram þróunarvinnunni næsta vetur og hlökkum til að sjá handverk nemenda.

**4. Hvernig þróast verkefnið „stærðfræðiprautir í 9. bekk? (hófst á síðasta ári).**

Stærðfræðikennarinn sem hélt utan um þetta verkefni er ánægður með þróun verkefnisins. Hann nýtti sér reynslu fyrra árs og betrubætti verkefnið enn frekar og hyggst halda áfram með það næsta vetur.

**5. Hvernig getum við bætt skráningu á þemadögum í skólanum í þeim tilgangi að mæla betur virkni og samvinnuhæfni í hópverkefnum?**

Við erum afar sátt við hvernig tókst til með þetta verkefni. Eins og fram kemur í skýrslunni varð bætt skráning og sjálfsmat nemenda til þess að auka virkni í hópavinnunni. Sú staðreynd kennir okkur að mælingar og sjálfsmat geta stutt skólastarfið og eftt. Þemadagavinna hér í skólanum er ávallt tilhlökkunarefni.

**6. Hvaða áhrif hefur hláturjoga í skólastarfinu í Tjarnarskóla?**

Við erum afar ánægð með þessa tilraun sem var gerð í Tjarnarskóla í vetur. Við erum þess fullviss að margt jákvætt leystist úr læðingi. Þjálfun í hláturjoga hefur hjálpað nemendum að tjá sig og viðhorfskönnun í lok vetrar gefur tilefni til að halda áfram að þróa þennan þátt skólastarfsins.

**7. Hvernig getum við fylgst kerfisbundið með samskiptum/líðan nemenda í skólanum?**

Við gerðum viðhorfskönnun um líðan og samskipti nemenda. Niðurstöður eru mjög gagnlegar og við sjáum að könnun sem þessi þarf að vera fastur liður í að hafa augun sífellt opin gagnvart því að misbrestur verði. Við erum í afar góðum tengslum við foreldra nemenda og ef minnsti grunur vaknar um að samskipti séu ekki góð, þá göngum við í málið. Okkur finnst afar jákvætt hvaða „einkunn“ foreldrar gáfu okkur í „Viðhorfskönnun foreldra 2010“. (Könnun á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar). Það kemur fram að 100% foreldra telja að barninu þeirra líði alltaf/oftast vel í skólanum.

**8. Hvernig getum við aukið lýðræðisvitund nemenda í 7. og 8. bekkjar hópnum? (Kvos)**

Nýr kennari, Þórir Andri Karlsson, hefur einnig verið umsjónarkennar í yngsta hópnum okkar í í vetur. Hann lagði upp með þá hugmynd að efla lýðræðislega hugsun í umsjónarbekknum sínum.

Þessi tilraun tókst vel að mati kennarans og vill gjarnan halda áfram að virkja lýðræðislega hugsun í nemendahópnum.

### **Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar**

#### **Styrkleikar/veikleikar**

Í sjálfsmatsskýrslu Tjarnarskóla 2009-2010 gerum við ýtarlega grein fyrir niðurstöðum viðhorfskönnunarinnar; styrkleikum og veikleikum. Við gerum einnig samanburð við síðustu könnun. Í þeim spurningum sem beinast að innra skólastarfi má segja að við getum verið mjög stolt af skólastarfinu í Tjarnarskóla þó að það sé ávallt kappsmál að gera enn betur. Helstu veikleikar tengjast ytri aðbúnaði, aðstöðu til íþróttaiðkunar og skorti á sérgreinaaðstöðu, sem er engin. Um það erum við mjög meðvituð en sjáum ekki auðvelda lausn í sjónmáli.

Niðurstöðutölur um einelti verða áfram í brennidepli hjá okkur, en í skýrslunni gerum við grein fyrir túlkun talna og viðbrögðum okkar í þeim efnum. Í okkar augum er „einn“ sem verður fyrir einelti, of margir, og viljum halda ótrauð áfram í því að svör af þessu tagi verði 0%.

## Lokasamantekt

Kennarahópurinn er sammála því að sjálfsmatsvinna vetrarins 2009 – 2010 hafi verið bæði ánægjuleg og afar gagnleg. Sjálfsrýni með skipulögðum hætti er af hinu góða og við hlökkum til að halda þessari vinnu áfram á næsta skólavetri. Eins og komið hefur fram þá vorum við á nokkrum byrjunarreit hvað vinnu af þessu tagi varðar fyrir tveimur árum. Þá lögðum við af stað í þessa vinnu í samvinnu við þær Björk og Sigríði hjá Ísmati en Menntamálaráðuneytið lagði okkur að hluta til ráðgjöfina.

Að þessu sinni unnum við sjálfsmatið algjörlega á eigin spýtur og finnst okkur hafa vaxið talsvert ásmegin í sjálfsmatsvinnunni okkar.



Hluti af gjöfum á 25 ára afmælinu okkar

## Framtíðarsýn

Skólastarfið í Tjarnarskóla er í sífellldri mótun og það er margt sem vert er að skoða nánar og mæla með skipulögðum hætti á komandi árum. Næsta vetur ætlum við m.a. að setja fullan kraft í endurskoðun á skólanámskránni. Við lítum björtum augum til þess að þróa áfram þau sjálfsmatsverkefni sem verið hafa á döfinni en skoða einnig fleiri þætti skólastarfsins eins og okkur er ætlað. Grenndarskógurinn, hláturjógað, myndlistin og leiklistin verða án efa í deigluinni ásamt frjálslestrinum, þjálfun í lýðræðislegri hugsun, þemadagaverkefnum og mörgu fleiru áhugaverðu og skemmtilegu í skólastarfinu okkar. Við stígum þau skref í vetur að þjálfva nemendur í 10. bekk í foreldrahlutverkinu með því að hafa sérstaka „ungbarnadaga“ í skólanum frá miðvikudegi til föstudags. Nemendur önnuðust ungbörnir sín allan sólarhringinn. Þetta verkefni var afar áhugavert og við ætlum okkur að endurtaka það á næsta ári. Margar skemmtilegar hugmyndir eru í deigluinni sem gaman verður að greina frá.

Reykjavík,

júní 2010

**Margrét Theodórsdóttir**

**skólastjóri**